

Stjórn Faxaflóahafna sf.
b.t. Kristínar Soffíu Jónsdóttur formanns
Tryggvagötu 17
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. maí 2019.

Efni: Vörugjöld og arðgreiðslur Faxaflóahafna

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til greinargerðar fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar með ársreikningi Faxaflóahafna fyrir árið 2018. Í ábendingum skrifstofunnar kemur fram að „svigrúm félagsins [sé] mikið til aukinna arðgreiðslna til eigenda“. Þar segir jafnframt að fjármagna mætti hluta fjárfestinga félagsins með lántöku í stað handbærs fjár, „sem myndi skapa aukið rými til útgreiðslu töluverðrar fjárhæð[ar] í arðgreiðslu.“

Félag atvinnurekenda andmælir því að ástæða sé til að hækka verulega arðgreiðslur Faxaflóahafna til eigenda. Það skapar óneitanlega þá hættu að sveitarstjórnirnar sem í hlut eiga freistist til að líta á félagið sem tekjulind og að gjaldtaka af notendum hafnanna taki þá fremur mið af þörfum eigendanna fyrir rekstrarfé en af fyrirmælum 20. gr. hafnalaga um að gjaldtaka skuli „stand[a] undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri hafnarinnar, stofnkostnaði og kostnaði við viðhald hennar.“

Á meðal félagsmanna FA eru mörg inn- og útflutningsfyrirtæki sem greiða Faxaflóahöfnum vörugjöld. FA bendir á að gjaldskrá vörugjalda hefur hækkað um 17% frá því í janúar 2015, en á sama tíma hafa almennar verðlagshækkningar verið 11,4%. Sé borð fyrir báru í afkomu Faxaflóahafna telur félagið nær að nota svigrúmið til að lækka gjaldskrána.

FA minnir á að vörugjaldanna gæti að sjálfsögðu í verðlagi innfluttra vara, enda fer þorri alls innflutnings um Faxaflóahafnir. Fari sveitarfélögin sem eiga Faxaflóahafnir að líta á þessa gjaldtöku sem skattstofn sem eigi að fjármagna sveitarsjóðina, vinnur það gegn verðstöðugleika og að fyrirtækjum í landinu sé gert kleift að standa undir launahækkunum nýgerðra kjarasamninga. Félagið telur að sveitarfélögin beri ótvírætt ábyrgð á efnahagslegum stöðugleika í landinu, ekki síður en ríkisvaldið.

Félag atvinnurekenda gerir að tillögu sinni að Faxaflóahafnir greiði áfram hóflegan arð til eigenda sinna, hafni hugmyndum um háar arðgreiðslur og vinni fremur að því að lækka vörugjöld hafnanna.

Félagið er að sjálfsögðu reiðubúið að funda með stjórninni um málið.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA